



Aðalfundur FNS

Fundargerð

Föstudaginn 29. maí 2020 , kl. 15:00, Framvegis og Zoom

Helga Tryggvadóttir formaður bauð alla velkomna. Svanhildur Svavarsdóttir samþykkt sem fundarritari og Klara Guðbrandsdóttir sem fundarstjóri.

Stjórnin mætti í Framvegis en 17 félagsmenn mættu á fundinn á Zoom.

- 1. Skýrsla stjórnar** - Helga Tryggvadóttir formaður fór yfir skýrslu stjórnar. Hana er að finna á heimasíðu FNS
<https://fns.is/sites/default/files/stjorn/Arsskyrslur/%C3%81rssk%C3%BDrsla%20FNS%202020%20loka%C3%BAtg%C3%A1fa.pdf>
- 2. Ársreikningar félagsins** - Hildur Katrín fór yfir ársreikning félagsins.
- 3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins** - Spurning kom hvort svipaður fjöldi af landsbyggðinni og á höfuðborgarsvæðinu séu að borga félagsgjöld. Við getum ekki svarað þessari spurningu þar sem félagsmenn eru ekki alltaf með réttan starfstað skráðan. Skýrsla og ársreikningar samþykkt.
- 4. Lagabreytingar**
Engar lagabreytingar liggja fyrir fundinum.
- 5. Nefndarstörf** - engin nefndarstörf.
- 6. Umræður og afgreiðsla mála**
 - Vísa erindi sem fram kemur í greinargerð siðanefndar til komandi siðanefndar, og stjórnar og um þær verði fjallað og kosið á degi náms- og starfsráðgjafa.
 - Lagt til að leggja niður nefnd um norrænt samstarf, samþykkt.
- 7. Kosning stjórnar, fræðslunefndar, kjaranefndar, siðanefndar, upplýsingar- og kynningarnefndar og fagráða.**

Stjórn FNS

Endurkjör: Helga Tryggvadóttir, formaður

Aðrir í stjórn

Hildur Björk Möller, Greta Jessen, Hrönn Grímsdóttir, Helga Valtýsdóttir

Endurkjör: Klara Guðbrandsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir

Upplýsinga og kynningarnefnd

Nanna Imsland

Endurkjör: Sigríður Sigurðardóttir.

Fulltrúi í norrænu samstarfi

Greta Jessen

Fagráð grunnskóla

Sóley Rós Guðmundsdóttir, Henný Sigurjónsdóttir

Endurkjör: Sigríður Sigurðardóttir



Fagráð framhaldsskóla
Endurkjör: Fríður Reynisdóttir, Kristín Birna Jónasdóttir

Fagráð Háskóla
Hildur Katrín Rafnsdóttir

Fagráð atvinnulífs
Helga Lind Hjartardóttir
Endurkjör: Guðbjörg Gerður Gylfadóttir

Ekki urðu breytingar í öðrum nefndum og ráðum.
Allir nýir meðlimir boðnir velkomnir.

Helga Lind Hjartardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Margréti Arnarsdóttir og Svanhildur Svavarsdóttir hætta í stjórn og er þeim þakkað sérstaklega fyrir. Ný stjórn samþykkt.

8. Önnur mál

Margrét Björk biður um orðið. IEAVG óskar eftir að öll lönd skipi alþjóðlegan tengilið. Verið er að kalla eftir eflingu tengslanetsins. Hlutverk felst í að miðla upplýsingum áfrma til félagsmanna. Viðkomandi þarf að vera tengdur stjórn, fræðasamfélaginu, skrifa stutta skýrslu í fréttabréf, hafa tengsl við fjölmiðla og sitja aðalfund IEAVG. Engin tilnefning komin frá Íslandi. Ný stjórn þarf að skoða þetta. Margrét óskar eftir hugmyndum frá fundinum eða að tilnefning verði send á stjórn. Margrét mun senda upplýsingarnar á félagsmenn í tölvupósti.

Helga Tryggvadóttir, minnst Sólveigar Hrafnisdóttur náms- og starfsráðgjafa Háskólans á Akureyri en hún lést í janúar síðastliðinn.

Helga býður nýtt fólk hjartanlega velmið til starfa, sumir eru að koma aftur inn en aðrir eru alveg nýir. Þakkar þeim sem eru að hætta, félagið væri lítið án þeirra starfa.

Hrönn Baldursdóttir, FÁ spyr út í Strong áhugakönnunin, athuga þarf hver staðan er og hvort við getum nýtt þá vinnu sem búin er. Snýst um réttindamál eftir andlát hennar Sölvínu Konráðsdóttur. Er mjög brýnt að skoða réttindamálin á prófinu, fer á dagskrá hjá nýrri stjórn. Bendill er mikið notaður en Strong væri góð viðbót.

Fundi slitið kl. 16:15

Fundarritari: Svanhildur Svavarsdóttir